

Fundargerð stjórnarfundar (12) 22. september

Fundur stjórnar Hjallastefnunnar var haldinn sem fjarfundur á Zoom miðvikudaginn 22. september 2021 og hófst kl. 16:00 og lauk kl. 17:07.

Fundinn sátu: Helga Jónsdóttir, Margrét Pála Ólafsdóttir, Margrét Theodórsdóttir og Guðmundur Kristjánsson. Jafnframt sat fundinn Bóas Hallgrímsson framkvæmdastjóri. Bóas ritaði fundargerð.

- 1. Fundargerð frá 08.09.2021 staðfest**
- 2. Framvinduskýrsla framkvæmdastjóra.** Bóas kynnti framvinduskýrslu sem er aðgengileg ásamt öðrum gögnum fundarins á sameiginlegu drifi stjórnar. Í kjölfar skýrslu gerðu stjórnarmeðlimir athugasemdir þess efnis að skýrslan væru full ítarleg og var framkvæmdastjóri hvattur til þess að yfirferð væri fremur í „skeytastíl“ og boðið yrði upp á stjórnarmeðlimir gætu spurt sérstaklega út í tiltekin efnisatriði.
- 3. Viðræður varðandi framtíð Hjallastefnunnar í Öskjuhlíð / fundur með borginni, fundur með stýrihópi, næstu skref.** Helga upplýsti stjórn um þróun mála í tengslum við viðræður á milli nefnda Hjallastefnunnar annarsvegar og Hjallastefnunnar hins vegar. Stjórn fékk að heyra af fundi nefndanna tveggja sem fram fór 10. september 2021 í Ráðhúsi Reykjavíkur.
- 4. Endurskoðun.** Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um það að opnunarfundur endurskoðunar fór fram mánudaginn 13. september þar sem starfsfólk KPMG mætti til fundar. Vinna á ársreikningum Hjallastefnunnar og dótturfélaga er hafin og gengur vel, þegar hefur Alma fjármálastýra ásamt teymi sínu skilað af sér fyrsta félagi til endurskoðenda.
- 5. Ábendingar til stjórnar úr greinargerð KDP.** Framkvæmdastjóri tilkynnti stjórn að kafla úr greinargerð Katrínar Dóru, fyrrum framkvæmdastjóra, hefði borist í hús. Kafla undir yfirskriftinni *Ábendingar og hugmyndir til stjórnar_ drög úr greiningarskýrslu*. Stjórnarformaður sagði stjórn frá skjalinu sem finna má með fundargögnum og tilkynnti að kaflinn yrði tekinn til umræðu á næsta stjórnarfundum eða fundum þar á eftir.

Hjallastefnan - Leikskólar ehf.

6. Rekstur Hraunborgar, samstarf við Borgarbyggð. Framkvæmdastjóri sagði stjórn frá þeirri óvenjulegu stöðu sem upp hefur komið á svæði Háskólans við Bifröst þar sem nemendum á leikskólanum hefur fækkað stórkostlega undanfarin ár. Meginástæða þessa er sú að háskólasamfélagið á svæðinu, sem áður var í blóma, er vart til staðar í dag. Er þar sú skýring líklegust að það sé vegna þess að háskólinn hefur, í síauknum mæli, fært sig í átt fjarkennslu. En staðan er sú, í dag, að nemendur Hraunborgar eru 13 en voru yfir 80 fyrir nokkrum árum. Framkvæmdastjóri mun halda stjórn upplýstri eftir næsta fund með Borgarbyggð.

Hjallastefnan grunnskólar ehf.

7. Viðræður við Hafnarfjörð um frístundastarf, stoðþjónustu og stuðning við börn með sérstakar þarfir. Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um framgang í samningagerð á milli Hjallastefnunnar og Hafnarfjarðarbæjar í tengslum við stoðþjónustu fyrir nemendum með

sérstakar þarfir. Erindið var framhald af máli sem framkvæmdastjóri kynnti á síðasta fundi stjórnar. Í kjölfar kynningar stakk stjórn upp á að framkvæmdastjóri gæti tekið saman stutt yfirlit yfir stöðu mála okkar skóla í þessum málaflokki. Þannig væri hægt að gera samanburð á stöðu skólanna og þeir sem framgangi hafa náð í málafloknum gætu deilt með sér góðum ráðleggingum. Eins hefði stjórn betri yfirsýn hvernig staða væri á samningum um þessi mál. Eins með frístundastarf.

Önnur mál

8. Skólastjórnendur/Foreldrar (Mál frestað á síðasta fundi) Framkvæmdastjóri deildi minnisblaði með stjórn í gögnum fundar um skólastjórnendur og foreldra. Þar reifaði hann áhyggjur sínar af þeirri þróun mála að margir stjórnendur og eins einstaka kennarar hafa lýst samskiptum einstaka foreldra og starfsfólks. Samskipta þar sem foreldrar eru farnir að teygja sig ansi langt í afskiptasemi gagnvart daglegu skólastarfi. Einstaka kennarar hafa upplifað sig óörugga og tvístígandi og lýst þeirri upplifun að geta ekki hönd fyrir höfuð sér borið. Framkvæmdastjóri leitaði ráðlegginga stjórnar og fékk góðar ábendingar. Margrét Theodórs benti á að hún kannaðist ekki við slíkt í sínum skóla, Tjarnarskóla, en lýsti því þó að áhyggjuefni væri ef þetta væri að verða algengt. Guðmundur benti á að svona mál ættu heima á borði skólastjórnenda. Margrét Pála tók undir og benti á að best væri ef svona lagað væri leyst innanhúss. Stjórnarformaður benti á mikilvægi þess að skólastjórnendur hefðu þá verkfæri og verkferla til þess vinna í svona erfiðum málum. Framkvæmdastjóri var hvattur til þess að leita liðsinnis Guðfinnu Bjarnadóttur og verkefnahópsins um framtíðarsýn Hjallastefnunnar – að sá hópur tæki málið fyrir.

Fundi slitið 17:07